

HVAÐ ER HEIMSPEKI? SEPTEMBER 2006

Spurningar hópsins:

- Textinn útskýrir ekki heimspeki, **fjallar bara** um heimspekigeirann!! (Vala)
- Hvað einkennir heimspeking? (Ásgeir)
- Hver er munurinn á heimspekingi og pælara? (Ásgeir)
- Hvernig er heimspekin NAUÐSYNLEG fyrir fólkið? (Ragnheiður)
- Eru heimspekingar hetjur? (Ragnheiður)
- Líta heimspekingar á sjálfa sig sem hetjur? (Ragnheiður)
- Á heimspeki að ganga fyrir, eða víkja fyrir, trú? (Ásgeir)
- Hvernig getur heimspekin hjálpað fólki að hafa samhljóm við náttúruna? (Vala)
- Hver er munurinn á heimspeki eftir heimshlutum? (Ragnheiður)
- Er til raunverulegur sannleikur? (Ásgeir)

Hver er munurinn á heimspekingi og pælara? (Ásgeir)

Fyrstu hugmyndir:

- Munurinn er háskólagráðan
- Heimspekingur er búinn að læra meira, hefur meiri yfirsýn yfir sögu heimspekinnar
- Er menntunin nóg til að teljast heimspekingur?
- Heimspekingur hefur þetta starfsheiti – er það nóg, ef það er vinnan þín að vera heimspekingu – ertu þá heimspekingur?
- Eru ekki allir sem pæla heimspekingar?
- Er einhver greinarmunur á hugsuninni hjá heimspekingi og pælara?

Hvað einkennir heimspeking? (Ásgeir)

- Pælari með heimspekigráðu
- “Nett klikkaður karl”
- Hefur skrifað heimspeki
- Kemur skoðunum á framfæri
- Prautseigja og samhengi í pælingum heimspekingsins
- Hugsar meira um heimspekina en pælarinn

Drög að niðurstöðu:

- Heimspekingur og pælari hafa sama markmið, að komast að sinni niðurstöðu um það sem ég pæli í. Þeir eru báðir forvitnir og pæla, en hugsun heimspekingsins einkennist af meiri þrautseigju og meira samhengi en hugsun pælarans sem stekkur úr einu í annað. Heimspekingurinn er menntaður til að vera heimspekingur, hann hefur ákveðið að gera þetta að starfi sínu og hefur ákveðin rétt í samfélaginu til

að kalla sig heimspeking.

Bæði heimspekingurinn og pælarinn skrifa og birta skoðanir sínar fyrir öllum sem vilja lesa þær en það er kannski tekið meira mark á heimspekingnum, bara af því að hann hefur þennan titil. Manni finnst merkilegt að sjá skoðun pælarans en trúir frekar skoðun heimspekingsins.

Hjálplegar líkingar:

- Munurinn á pælara og heimspekingi er eins og munurinn á venjulegum gallabuxum og hátísku gallabuxum: það er flottara, meiri status að vera heimspekingur
- Munurinn á pælara og heimspekingi er eins og munurinn á kennara að kenna og 10. bekkungi að kenna: heimspekingurinn hefur sérmenntun og reynslu á sínu sviði, en pælarinn getur alveg stundað heimspeki að einhverju leyti
- Munurinn á pælara og heimspekingi er eins og munurinn á grænni ólívu og svartri ólívu: heimspekingurinn er orðinn þroskaðri á sínu sviði
- Munurinn á pælara og heimspekingi er eins og munurinn á vínberi og rúsínu: heimspekingurinn er þroskaðri, en ekki eins ferskur